

Akureyrarbær - skipulagssvið

Geislagötu 9, 3. hæð

600 Akureyri

skipulagssvid@akureyri.is

29. desember 2021

Efni: Umsögn um skipulagslýsingu - Hlíðarfjallsvegur

Norðurorka hf. þakkar fyrir að fá tækifæri til að koma fram með umsögn um ofangreinda tillögu.

Hitaveita

Það liggur enginn hitaveitustofn að svæði AT16 og þarf að ná í hann nokkra leið. Því væri gott að vita hvort frekari uppbygging er væntanlega sunnan Hlíðarfjallsvegar t,d, vestan við AT16 til að passlega stór stofn verði leiddur að svæðinu.

Vatnsveita

Aðveitulagnir vatnsveitu frá Hlíðarfjalli liggja meðfram Hlíðarfjallsvegi og þá milli hans og AT16 og mögulega inn á norð-austur hluta AT16 á leið að vatnstönkum Norðurorku á Rangárvöllum. Taka þarf fullt tillit til þessara lagna og gæta sérstaklega að því að ekkert hefti aðkomu að þeim eða styttri þeirra líftíma.

Fráveita

Engar athugasemdir. Hannað verður í hverfið og tengt við bæjarkerfið miðað við þá starfsemi sem þarna verður.

Rafveita

Engar athugasemdir. Sækja þarf rafveitulagnir fyrir uppbyggingu á svæðinu en afla þarf frekari upplýsinga um fyrirhugaða uppbyggingu á öllu svæðinu til að hægt sé að segja til um hvort t.d. þurfi að gera ráð fyrir lóð undir dreifistöð.

Athygli er vakin á reglum sem gilda um lagnir í landi Akureyrarkaupstaðar (samþ. 18.09.18) og finna má á heimasíðunni www.akureyri.is

Norðurorka veitir frekari upplýsingar ef eftir því er óskað. Einnig er rétt að minna á kortasjá okkar sem er öllum opin á netinu þar sem hægt er að skoða nánar legu veitulagna á svæðinu.
www.map.is/no

Bestu kveðjur,

Gunnur Ýr Stefánsdóttir
Verkefnastjóri á skrifstofu forstjóra